

Hverfisráð Hríseyjar

171. fundur.

Þriðjudaginn 4. júní 2024 kl. 21:00 var haldinn 171. fundur hverfisráðsins í Hlein.

Mætt voru: Ingólfur Sigfússon, Júlía Mist Almarsdóttir og Kristinn Frímann Árnason.

Fundargerð ritaði Ásrún Ýr Gestsdóttir

Dagskrá:

1. Ráðið skiptir með sér verkum

- a. Ákveðið að Ingólfur Sigfússon verði formaður.

2. Framkvæmdir

- a. Hátíðarsvæðið: Göngustígar í vinnslu.
- b. Ástand sjósundsstiga er lélegt. Þarf að ákveða hvort smíða eigi nýjan og betri stiga eða loka fyrir sjósund á þessu svæði þar sem stigin og aðstaðan eru hættuleg í núverandi mynd.
- c. Hundagerði er á áætlun og fylgja þarf því eftir að það verði klárað í sumar.
- d. Skilti og merkingar, endurnýjun og viðhald.
- e. Fegrunarverkefni í Hrísey, t.d. regnbogagangbraut og önnur verkefni.

3. Koma hafnarsvæði á framkvæmdaráætlun 2025.

- a. Skoða skipulagið sem er til og samþykkt hjá Akureyrarbæ. Endurmeta hluta skipulags þar sem breytt notkun hefur orðið á svæðinu í kjölfarið á frystihúsbruna og svo breyttri notkun á húsum þá hafnarsvæði. Óskar hverfisráð eftir fundi við sviðsstjóra Skipulagssviðs sem og Umverfis- og mannvirkjasviðs, ásamt því að upphaf framkvæmda fari inn í framkvæmdar- og fjárhagsáætlun fyrir árið 2025. Hefur hverfisráð óskað eftir þessum framkvæmdum reglulega frá árinu 2020 án þess að fá nokkur viðbrögð eða svör við því hvenær þessar framkvæmdir komi á dagskrá.

4. Nytjagámur

- a. Hverfisráð ítrekar ósk sína að fá nytjagám til Hríseyjar. Með tilkomu nytjagáms gætu Hríseyingar komið þangað húsbúnaði og fleiru sem aðrir geta nýtt sér og þannig gæti verið sparnaður í flutning á rusli í land.

5. Fundargerðir hverfisráðs

- a. Hverfisráð ítrekar ósk sína að fundargerðir ráðsins verði skráðar í One-kerfið sem Akureyrarbær notar. Þá væri hægt að fylgjast betur með málum þar sem þau fengu sín málnúmer og auðveldara að fylgja þeim eftir. Grípa ætti tækifærið núna þegar breytingar eru á hverfisráðum hjá Akureyrarbæ að taka hverfisráð inn eins og aðrar nefndir og ráð hjá sveitarfélaginu, huga að nafnabreytingu og fara yfir skilgreiningu og verksviði ráðsins.

6. Brekkugata

- a. Hverfisráð ítrekar að ástandið á Brekkugötu sé ekki gott að þar þarf að klára að vinna götuna. Óskar hverfisráð eftir samtali við sviðsstjóra Skipulags- og Umhverfis- og mannvirkjasvið vegna ástandsins á Brekkugötu og framkvæmdarþörf þar.

7. Almenningsalerni

- a. Almenningsalerni og aðgangur að þeim yfir vetrartíma rætt. Þörf er á að finna betri lausn á málinu fyrir næsta vetur og óskar eftir samtali við starfsólk Akureyrarbæjar vegna málsins sem fyrst.

8. Punktur frá íbúafundi

- a. Farið yfir punkta, það sem er gott við Hrísey og hvað mætti bæta, sem komu fram á íbúafundi sem haldinn var miðvikudaginn 29. maí 2024. Hverfisráð þakkar fyrir góðan íbúafund og mun taka punktana og vinna með áfram. Nokkrir af þeim punktum sem komu fram voru;
 - i. Umferðaröryggi. Skoðunarskylda bíla.
 - ii. Mala meira efni í námunni.
 - iii. Ánægja með þær framkvæmdir sem farið er í, t.d Hríseyjarskóla, hátíðarsvæði, gönguleiðir o.fl.
 - iv. Í Hrísey er samheldni og góð þáttaka íbúa í því sem er gert.
 - v. Snyrtilegt umhverfi.

Fundi slitið 22:37